



## Reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar

### 1. gr.

#### Gildissvið

Reglur þessar taka til endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar. Greiðslum samkvæmt reglum þessum er ætlað að standa undir hlutdeild foreldra/forráðamanna og eru þær greiddar án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar eða aðgæsluleysis starfsmanna eða búnaðar húsnæðis í eigu Ísafjarðarbæjar.

### 2. gr.

#### Skilgreining á skipulögðu starfi

Skipulagt starf á vegum Ísafjarðarbæjar sem fellur undir gildissvið þessara reglna er eftirfarandi:

1. Grunnskólar
  - Grunnskólastarf (starf sem fer fram á skólatíma á skólalóð og í ferðum á vegum grunnskóla).
2. Leikskólar
  - Leikskólastarf (starf sem fer fram á skólatíma á leikskólalóð og í ferðum á vegum leikskóla).
3. Velferðarsvið
  - Námskeiðshald fyrir börn
  - Börn hjá stuðningsfjölskyldum
  - Börn í fóstri á vegum barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum
  - Skammtí mavistun fyrir fötluð börn.
  - Frístundþjónusta
  - Liðveisla barna
4. Íþróttir- og tómstundir
  - Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar
  - Dægradvöl (lengd viðvera yngsta stigs grunnskólabarna)
  - Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar (fyrir ungmenni 13-16 ára)

### 3. gr.

#### Greiðsla kostnaðar vegna komu á slysa- og bráðadeild

Ísafjarðarbær greiðir kostnað vegna flutnings barns með sjúkrabifreið og komugjöld vegna fyrstu heimsóknar á slysa- og bráðadeild, séu þau fyrir hendi, þegar barn verður fyrir slysi í skipulögðu starfi á vegum Ísafjarðarbæjar.

#### **4. gr.**

##### **Kostnaður vegna tannviðgerða**

Tannviðgerðir á börnum tilkomnar vegna slysa og tjóna barna eru endurgreiddar foreldrum/forráðamönnum að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Fjölskyldutryggingar tryggingafélaga greiða almennt einnig hluta af tannviðgerðum barna. Það sem eftir stendur greiðir Ísafjarðarbær, þó ekki hærri upphæð en kr. 100.000,- vegna einstaks slyss.

#### **5. gr.**

##### **Heimild til að semja um kostnaðarpátttöku**

Heimilt er að semja um að kostnaðarpátttaka Ísafjarðarbæjar, vegna tannviðgerða sem eru afleiðing slyss í skipulögðu starfi, gildi í allt að þrjú ár eftir að grunnskóla lýkur. Samning þennan skal gera eigi síðar en sex mánuðum eftir slysdag. Komi fram mat frá tann sérfræðingi innan þriggja ár eftir að grunnskólagöngu lýkur um að nauðsynlegt sé að tannviðgerðin fari fram síðar en fram kemur hér að framan, er Ísafjarðarbær heimilt að semja um framlengingu gildistíma allt að tveimur árum.

#### **6. gr.**

##### **Undantekningar**

Ísafjarðarbær greiðir ekki samkvæmt reglum þessum reikninga vegna stoðtækja. Tjón á eignum/munum, s.s. fatnaði, gleraugum o.þ.h. skal ekki greiða nema það verði rakið til mistaka, stórfellds gáleysis eða sakar starfsmanna Ísafjarðarbæjar eða vegna vanbúnaðar húsnæðis eða eigna sveitarfélagsins þar sem skipulagt starf fer fram.

#### **7. gr.**

##### **Afgreiðsla mála**

Kröfu um greiðslu á grundvelli reglnanna skal beint til forstöðumanns viðkomandi stofnunar þar sem tjón varð, eigi síðar en sex mánuðum eftir tjónsdag. Skrá skal öll tilvik, og tilkynna þau til þar til bærra yfirvalda, eftir eðli máls. Með kröfunni skal fylgja frumrit greiðslukvittana frá Tryggingastofnun ríkisins og tryggingafélagi viðkomandi foreldra/forráðamanna. Ísafjarðarbær getur farið fram á að foreldrar/ forráðamenn afhendi frekari gögn sem nauðsynleg teljast til að hægt sé að taka ákvörðun um hvort til staðar sé réttur til endurgreiðslu. Sviðsstjóri viðkomandi sviðs og sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs skal vera til ráðgjafar og taka lokaákvörðanir í ágreiningsmálum sem upp koma.

#### **8. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og taka gildi frá og með 3. júní 2021.